

Þriðjudaginn 13. maí 1980.

Nr. 204/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Svavari Kristjónssyni

Guðjóni Kristni Pálssyni

Ingólfi Bárðarsyni

Ingva Rafni Jóhannssyni

Jóni Páli Guðmundssyni og

Árna Brynjólfssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og
Þór Vilhjálmsson.

Hér fyrir dómi er þess krafist af hálfu ákærvalds, að
ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæruskjali 10. janúar
1978, „þó þannig, að staðfest verði sýkna af þeim þætti
ákæru, er varðar álagningartölu á laun og launakostnað
(yfirstjórnarálag)“, en refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærðu Guðjón, Ingólfur, Ingvi Rafn, Jón Páll og Svavar
voru stjórnarmenn í Landssambandi íslenskra rafverktaka á
því tímabili, er ákæruskjal tekur yfir, þó svo, að hinn síðast-
nefndi hvarf úr stjórninni í október 1977, að því er skýrt
var frá í málflutningi. Ákærði Arni var framkvæmdastjóri
landssambandsins, og hafði hann ekki atkvæðisrétt á stjórn-
arfundum þess.

Í ákæruskjali er ákærði Arni sóttur til saka fyrir að hafa
gafið út hinn 8. júlí 1977 í umboði stjórnar landssambands-
ins texta um útselda tímavinnu rafvirkja, og eru þeir taldir
hafa verið hærri í flestum tilvikum en samþykkt verðlags-
nefndar hinn 8. júlí 1977 heimilaði. Eru hinir ákærðu stjórn-

armenn og taldir bera refsíabyrgð á útgáfu taxtanna, og þeim er enn fremur gefið að sök að hafa „viðhaldið“ töxtum þessum óbreyttum, eftir að tilkynning verðlagsstjóra nr. 18 20. júlí 1977 var gefin út og allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd gerði nýja samþykkt um þetta efni. Leitt er í ljós, að tilkynning nr. 18/1977 var birt í Lögbirtingablaði, er út kom hinn 29. júlí s. á.

Ákæruefni er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi svo og rannsóknargögnum.

Eins og ákæruefni er markað, eru ákærðu sóttir til saka fyrir fullframið brot á refsíákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. eru þeir taldir aðalmenn í broti og eigi hlutdeildarmenn í atferli þeirra manna, er kunna að hafa notað taxa þá, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa staðið að, við ákvörðun á fjárhæð útseldrar vinnu rafvirkja. Svo sem greint var, bjó verðlagsskrifstofan eigi út taxa sína fyrr en með tilkynningu 20. júlí 1977, birtri 29. s. m., en í samþykkt verðlagsnefndar 8. s. m. var þess eigi getið, hvernig dreifa ætti því $2\frac{1}{2}\%$ álagi, er þar greinir, á mismunandi taxa fyrir útselda rafvirkjavinnu. Ákærði Árni kveðst hafa talið, að dreifing hans og útfærsla á þessu $2\frac{1}{2}\%$ álagi á taxana gengi ekki í berhögg við samþykkt nefndarinnar, sem honum varð kunn sama dag og hún var gerð. Ekki verður talið, að útgáfa taxa þessara varði við þau refsíákvæði, er greinir í ákæruskjali, og sú háttsemi ákærðu að hlutast eigi til um afturköllun á töxtunum eftir útgáfu og birtingu tilkynningar nr. 18/1977 verður eigi talin varða við refsíákvæði þessi. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda ákærðu, samtals 400.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi er vikið að sakaratriðum, sem ekki rúmast innan ákæruskjals.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Svavar Kristjánsson, Guðjón Kristinn Pálsson, Ingólfur Bárðarson, Ingvi Rafn Jóhannsson, Jón

Páll Guðmundsson og Árni Brynjólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Ríkissjóði ber að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin talsmannslaun skipaðs verjanda hinna ákærðu fyrir báðum dómum, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 400.000 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 29. desember 1978.

Ár 1978, föstudaginn 29. desember, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarsyni sakadómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 564-569/1978: Ákærvaldið gegn Svavari Kristjónssyni, Guðjóni Kristni Pálssyni, Ingólfi Bárðarsyni, Ingva Rafni Jóhannssyni, Jóni Páli Guðmundssyni og Árna Brynjólfssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar sl. Í ákærinni segir svo:

„Að höfða ber fyrir verðlagsdómi Reykjavíkur opinbert mál á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra rafverktaka, Hólatorgi 2 í Reykjavík:

1. Svavari Kristjónssyni, Eikjuvogi 17 í Reykjavík, fæddum 4. júní 1927 á Hellissandi, stjórnarformanni landssambandsins,
2. Guðjóni Kristni Pálssyni, Heiðmörk 52 í Hveragerði, fæddum 3. október 1924 á Þverá í Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu,
3. Ingólfi Bárðarsyni, Hólagötu 45 í Njarðvíkurkaupstað, fæddum 9. október 1937 í Keflavík,
4. Ingva Rafni Jóhannssyni, Löngumýri 22 á Akureyri, fæddum þar í bæ 1. janúar 1930,
5. Jóni Páli Guðmundssyni, Kárahrauni 4 í Hafnarfirði, fæddum 9. september 1935 á Ísafirði, — öllum í stjórn nefnds landsambands, og
6. Árna Brynjólfssyni, Rauðalæk 16 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. apríl 1924, framkvæmdastjóra sambandsins.

Hinn 8. júlí 1977 var af hálfu verðlagsnefndar gerð svohljóðandi samþykkt:

„Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikn-

ingsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18.000.00 á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%. Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu.“

Málið er höfðað til refsingar öllum ákærðu fyrir það, að þrátt fyrir ofangreinda samþykkt verðlagsnefndar, er hlotið hafði staðfestingu ríkisstjórnar Íslands, gaf framkvæmdastjóri sambandsins, ákærði Árni, þá þegar út og sendi í umboði stjórnar landsambandsins félagsmönnum þess taxta yfir útselda tímavinnu rafvirkja, sem voru hærri en ofangreind samþykkt verðlagsnefndar heimilaði sem því nam, að við útreikninga tímavinnukaupsins var miðað við kjarasamninga frá 22. júní 1977 að fullu og álagningartala á laun og launakostnað (yfirstjórnarálag) var einnig án leyfis verðlagsyfirvalda hækkuð um 10%, úr kr. 268.00 í kr. 295.00 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, og síðan fyrir að hafa þrátt fyrir tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18, 20. júlí 1977, um að verðlagsnefnd hefði ákveðið nánar tilgreint hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977, viðhaldið af hálfu sambandsins áðurgreindum verðtöxtum þess óbreyttum allt til 5. desember 1977, er verðlagsnefnd samþykkti, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí 1977, skyldi afnumin.

Brot ákærðu teljast varða við 3. og 4. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. áðurnefnda tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18, 20. júlí 1977, og 1. og 2. mgr. 10. gr., sbr. 12. gr. laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. nr. 13/1975.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 9. september f. á., sendi hann verðlagsdómi Reykjavíkur kæru verðlagsstjóra til sín, dags. 6. s. m., út af ætluðu broti stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra rafverktaka og ef til vill einnig forráðamanna einstakra aðildarfélagaga þess, gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977. Í bréfi ríkissaksóknara er gerð krafa um rækilega rannsókn málsins.

Í framangreindu bréfi verðlagsstjóra segir svo m. a.:

„Þann 28. júní 1977 sótti Landssamband ísl. rafverktaka um

hækkun á útseldri vinnu rafvirkja, m. a. vegna kjarasamninga þeirra, sem undirritaðir voru 22. júní s.l.

Verðlagsnefnd tók mál þetta til afgreiðslu á fundi sínum þ. 8. júlí 1977, og var þar eftirfarandi samþykkt gerð:

Við ákvörðun á taxta útseldrar tímavinnu verði sú útreikningsaðferð notuð, að áfram verði miðað við þá launataxta, sem voru í gildi 1. mars 1977, að viðbættu 2½% og kr. 18 þús. á mánuði auk launatengdra gjalda. Álagningartölur hækki um 10%.

Ákvæðisvinna breytist í samræmi við útselda tímavinnu.

Verðlagsskrifstofan sendi bréf til Landssambands ísl. rafverktaka þ. 8. júlí 1977, þar sem þessi ákvörðun Verðlagsnefndar var tilkynnt, en undanfarin ár hefur Landssamband ísl. rafverktaka (LÍR) gefið út taxta yfir útselda vinnu félaga sinna, eftir að Verðlagsskrifstofan hefur sannreynt, að þeir væru í samræmi við samþykkt Verðlagsnefndar.

Þann 15. júlí 1977 gefur hins vegar LÍR út eigin taxta, sem braut í bága við samþykkt Verðlagsnefndar frá 8. júlí, án nokkurs samráðs við verðlagsyfirvöld.

Þegar þetta lá ljóst fyrir, sendi Verðlagsstjóri LÍR með bréfi, dags. 20. júlí 1977, tilkynningu nr. 18/1977 um hámarksverð hvernar vinnustundar rafvirkja. Þrátt fyrir það hefur LÍR ekki dregið sinn taxta til baka, og verður því að líta svo á, að LÍR ætli að hafa ákvörðun Verðlagsnefndar frá 8. júlí að engu.

Tilkynning nr. 18, 1977 birtist í Lögbirtingablaði nr. 64, dags. 29. júlí 1977, og í þrem dagblöðum í Reykjavík þ. 5. ágúst 1977.“

Kærubrési verðlagsstjóra fylgdi skrá yfir aðildarfélög landsambandsins og stjórn þess og framkvæmdastjóra, en það eru hinir ákærðu. Samkvæmt skránni eru aðildarfélög sambandsins þessi: Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, Rafverktakafélag Suðurnesja og Félag rafverktaka á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir fyrir dómi fyrir útgáfu kæru.

Ákærði Svavar Kristjánsson rafverktaki, Eikjuvogi 17 í Reykjavík, staðfestir, að hann sé formaður Landssambands íslenskra rafverktaka og að aðildarfélög sambandsins séu rétt og tæmandi talin hér að framan.

Ákærði segir, að allir félagar aðildarfélaganna eigi rétt til fundarsetu á aðalfundi landssambandsins, sem kýs stjórn þess.

Stjórn sambandsins tekur allar ákvarðanir, sem teknar eru í nafni þess, en framkvæmdastjórinn sér um að koma þeim í framkvæmd. Hann hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, en þar ræður

einfaldur meiri hluti. Hafa allir stjórnarmenn jafnan atkvæðisrétt.

Ákærði segir, að framkvæmdastjóri sambandsins hafi um árabil haft samþykki til þess að senda út til félagsmanna taxa yfir útselda þjónustu þeirra, og voru þeir jafnan reiknaðir út eftir reglum, sem verðlagsyfirvöld höfðu samþykkt. Segir ákærði, að taxtarnir hafi jafnan verið sendir félagsmönnum samtímis eða um svipað leyti og leitað var samþykkis verðlagsyfirvalda, sem jafnan fékkst. Var þessi aðferð viðhöfð sumarið 1977, en þá brá svo við, að verðlagsyfirvöld samþykktu ekki taxtana og viðhöfðu aðra aðferð við útreikninga á þeim.

Ákærði segir, að taxtarnir, sem sambandið hefur sent út, og þá einnig hinir umdeildu taxtar séu fyrst og fremst þjónusta við félagsmenn, sem ráði því sjálfir, hvort þeir fari eftir þeim.

Haldinn var fundur í stjórn sambandsins, þegar tilkynning verðlagsstjóra nr. 18/1977 birtist. Á þessum fundi var samþykkt, að aðhafast ekkert frekar í málinu og láta félagsmenn hvern og einn ráða því fyrir sig, hvorn taxtann þeir notuðu. Þá segir ákærði, að það hafi verið álit stjórnarinnar, að með reikningsaðferð sinni væru verðlagsyfirvöld að brjóta niður löglega gerða kjarasamninga, sem gerðir höfðu verið fyrir milligöngu sáttasemjara og sáttanefndar.

Ákærði segir, að áður hafi verðlagsnefnd eingöngu skipt sér af álagningarprósentu taxtanna, en með hinni nýju aðferð taki verðlagsnefnd ekki tillit til mismunandi útgjalda atvinnurekanda vegna einstakra starfsmanna.

Ákærði kveðst sjálfur að undanfögnu eingöngu hafa unnið samkvæmt uppmælingu og því ekki þurft að taka afstöðu til þess, hvorn taxtann hann notaði.

Ákærði telur, að félagsmenn muni frekar nota taxa verðlagsstjóra, en þó vill hann ekkert um þetta fullyrða.

Segir ákærði, að engin samþykkt hafi verið gerð á fundum stjórnar sambandsins í þá átt að virða ekki taxa verðlagsstjóra. Ekki man ákærði, hvort allir stjórnarmenn voru viðstaddir á fundi þeim, sem ræddi viðbrögð stjórnarinnar við áðurgreindri tilkynningu verðlagsstjóra.

Ákærði Guðjón Kristinn Pálsson rafverktaki, Heiðmörk 52 í Hveragerði, kveðst hafa setið alla stjórnarfundi í Landssambandi íslenskra rafverktaka síðustu mánuði, og var hann á fundi, sem tók ákvörðun um að draga ekki til baka taxa þá, sem sambandið hafði sent félagsmönnum sínum eftir gerð síðustu kjara-

samninga, enda þótt fyrir lægju aðrir taxtar frá verðlagsyfirvöldum. Ekki var þó gerð samþykkt um að senda hvatningu til félagsmanna um að fara eftir töxtum sambandsins, og var hverjum og einum í sjálfsvald sett, hvorn taxtann hann notaði.

Ákærða er ekki kunnugt um, hvorn taxa félagsmenn nota, en sjálfur notar hann taxa félagsins.

Ákærði Ingólfur Bárðarson rafverktaki, Hólagötu 45 í Ytri-Njarðvík, segir, að rafverktakar telji sér ekki skylt að fara eftir þeim töxtum, sem stjórn sambandsins sendir út hverju sinni, og séu þeir því fyrst og fremst þjónusta við félagsmenn. Ekki er ákærða kunnugt um, hvort félagsmenn hafi yfirleitt farið eftir töxtunum, eins og þeir hafi verið á hverjum tíma.

Ákærði segir, að fundur hafi verið haldinn í samtökunum, eftir að fyrir lágu viðbrögð verðlagsyfirvalda við síðustu töxtum sambandsins. Ákærði var þó ekki á þeim fundi og veit því ekki, hvað þar gerðist.

Ákærði Ingvi Rafn Jóhannsson rafverktaki, Löngumýri 22 á Akureyri, kveðst ekki hafa setið þann stjórnarfund, sem tók ákvörðun um að senda út taxtana. Segir ákærði, að stjórn sambandsins hafi falið framkvæmdastjóranum að annast útreikning á töxtum þeim, sem sambandið sendir frá sér hverju sinni. Ekki eru félagsmenn skyldir að fara eftir töxtunum, en hins vegar mun vera ætlast til þess, að félagsmenn fari eftir þeim á hverjum tíma, svo að ekki skapist ósamræmi um útselda vinnu.

Ekki hefur verið leitað eftir samþykki ákærða vegna taxtanna, en hann hefur hins vegar setið stjórnarfund, eftir að þeir voru sendir út, og veit, í hverju ágreiningurinn er fólgin við verðlagsyfirvöld, að verulegu leyti.

Ákærði segir, að á Akureyri hafi aðsetur Félag rafverktaka á Norðurlandi og hafi stjórn þess, sem ákærði á sæti í, ekki lagt til við félagsmenn sína að nota taxa sambandsins, eftir að upp var kominn ágreiningurinn við verðlagsyfirvöld. Hyggur ákærði, að rafverktakar á Norðurlandi noti almennt taxa verðlagsstjóra, og svo gerir ákærði sjálfur.

Ákærði Jón Páll Guðmundsson rafverktaki, Kárahrauni 4 í Hafnarfirði, kveðst hafa verið í stjórn samtakanna um þriggja ára skeið, og hafa nýir taxtar um þjónustu félagsmanna verið kynntir á stjórnarfundum, en útreikning þeirra hefur framkvæmdastjóri sambandsins annast. Svo var einnig gert í júní 1977 og taxtarnir um svipað leyti sendir félagsmönnum. Lágu þá ekki fyrir viðbrögð verðlagsyfirvalda við töxtunum. Eftir að

þau lágu fyrir með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977, var haldinn stjórnarfundur hjá sambandinu og samþykkt af öllum viðstöddum stjórnarmönnum, að töxtunum yrði ekki breytt. Ekki voru félagsmenn þó hvattir til að fara eftir töxtunum, en sambandið hefur aldrei skyldað félagsmenn sína til að vinna eftir þeim.

Ákærði telur, að víðast, þar sem hann þekkir til, noti félagsmenn taxa félagsins, sem ákærði telur tvímælalaust, að sé réttur.

Ákærði kveðst sjálfur ekki hafa þurft að nota taxtana, þar sem hann hefur verið í tilboðsverki.

Ákærði Árni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra rafverktaka, Rauðalæk 16 í Reykjavík, segir, að það sé rútinuvinna að reikna út taxa þá, sem sambandið sendir félagsmönnum sínum hverju sinni. Ákærði segir, að ekki sé fyrir hendi nein sérstök samþykkt fyrir því frá stjórninni, hvernig haga skyldi hverju sinni útreikningi taxtanna, og hafi það þróast af sjálfu sér. Þessir taxtar fengu ætíð samþykki verðlagsyfirvalda eftir þeim útreikningum, sem þeir byggðust á hverju sinni, og hefur ekki áður komið til ágreinings þess efnis, sem nú er.

Ákærði segir, að gengið hafi verið frá töxtunum til útsendingar til félaganna jafnframt því, að þeir voru sendir verðlagsyfirvöldum til afgreiðslu. Þegar samþykki verðlagsnefndar lá fyrir, voru taxtarnir póstagildir. Þá var beðið eftir samþykki ríkisstjórnarinnar. Ákærði segir, að þessi aðferð hafi verið viðhöfð í júlí sl., og voru félagsmönnum sendir taxtar félagsins í pósti, um leið og bréf verðlagsstjóra frá 8. júlí barst sambandinu. Taldi ákærði, að bréfið væri samþykki verðlagsyfirvalda og hefði málið hlotið sömu afgreiðslu og áður.

Ákærði segir, að upphaflegu beiðni sambandsins um samþykki á umræddum töxtum þess hafi hann látið fylgja útreikninga á þremur töxtum. Einhvern tíma fljótlega eftir að umrætt bréf barst, fór ákærði með útreikningana á hinum töxtunum til starfsmanns verðlagsstjóra, og kom þá fyrst í ljós, að ákærði skildi ekki bréfið á sama veg og starfsmaðurinn.

Ákærði segir, að ástæðan fyrir áðurgreindum skilningi sínum á bréfinu hafi verið sú, að honum hafi ekki dottið í hug, að verðlagsnefnd mundi breyta löglega gerðum töxtum samkvæmt kjarasamningum.

Ákærði kveðst ekki muna eftir því, að ágreiningurinn við verðlagsyfirvöld væri ræddur, eftir að kunnugt varð um hann og fram til ágústloka á stjórnarfundum hjá sambandinu.

Ákærði segir, að hið eina, sem stjórn sambandsins hafi gert í því skyni að hafa áhrif á félagsmenn varðandi notkun á töxtum félagsins, sé sú setning á blöðum þeim, sem taxtarnir eru á, að taxtarnir séu miðaðir við, að kaup sé greitt samkvæmt samningi.

Ákærði getur ekki upplýst, hvorn taxtann félagsmenn nota, en segir, að félagsmenn ráði því sjálfir og hafi alltaf gert, hvort þeir færu eftir töxtum sambandsins.

Taxtar þeir, sem ákærði Árni sendi út, eru þessir:

„ÚTSELD NÝBYGGINGAVINNA RAFVIRKJA

22. júní 1977.

(Taxti þessi er eingöngu notaður, þegar allt efni er selt til nýbyggingarinnar).

	Dag-	Eftir-	Nætur-
	vinna:	vinna:	vinna:
1. Taxi			
Rafvirkjar	1060	1378	1696
— +10%	1106	1438	1770
— +10%+10%	1157	1500	1851
— +10%+15%	1183	1538	1893
— +10%+10%+15%	1242	1615	1987
— +10%+10%+25%	1274	1656	2038
2. Taxi			
Rafvirkjar	1078	1401	1725
— +10%	1127	1465	1803
— +10%+10%	1180	1534	1888
— +10%+15%	1207	1569	1931
— +10%+10%+15%	1267	1647	2027
— +10%+10%+25%	1326	1724	2122
3. Taxi			
Rafvirkjar	1146	1490	1834
— +10%	1199	1559	1918
— +10%+10%	1259	1637	2014
— +10%+15%	1288	1674	2061
— +10%+10%+15%	1356	1763	2170
— +10%+10%+25%	1421	1847	2274
4. Taxi			
Rafvirkjar	1175	1528	1880
— +10%	1231	1600	1970

		Dag- vinna:	Eftir- vinna:	Nætur- vinna:
—	+10%+10%	1292	1680	2067
—	+10%+15%	1325	1723	2120
—	+10%+10%+15%	1393	1811	2229
—	+10%+10%+25%	1460	1898	2336

Ákvæðisvinna: Tímaeining kr. 1044.

Álagning á selda klukkustund kr. 163.

Álagning á selda tímaeiningu 17% kr. 152.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt skv. samningi.

ÚTSELD VINNA RAFVIRKJA 22. júní 1977.

		Dag- vinna:	Eftir- vinna:	Nætur- vinna:
1. Taxi				
Rafvirkjar	+10%	1238	1609	1981
—	+10%+10%	1289	1676	2062
—	+10%+10%+10%	1345	1749	2152
—	+10%+15%	1415	1840	2264
—	+10%+10%+15%	1374	1786	2198
—	+10%+10%+10%+15%	1438	1869	2301
—	+10%+10%+25%	1406	1828	2250
—	+10%+10%+10%+25%	1500	1950	2400

2. Taxi

Rafvirkjar	+10%	1259	1637	2014
—	+10%+10%	1312	1706	2099
—	+10%+10%+10%	1371	1782	2194
—	+10%+15%	1339	1741	2142
—	+10%+10%+15%	1399	1819	2238
—	+10%+10%+10%+15%	1466	1906	2346
—	+10%+10%+25%	1458	1895	2333
—	+10%+10%+10%+25%	1531	1990	2450

3. Taxi

Rafvirkjar	+10%	1331	1730	2130
—	+10%+10%	1391	1808	2226
—	+10%+10%+10%	1458	1895	2333
—	+10%+15%	1420	1846	2272
—	+10%+10%+15%	1488	1934	2381
—	+10%+10%+10%+15%	1563	2031	2501
—	+10%+10%+25%	1553	2019	2485
—	+10%+10%+10%+25%	1635	2126	2616

4. <i>Taxti</i>		Dag- vinna:	Eftir- vinna:	Nætur- vinna:
Rafvirkjar	+10%	1363	1772	2181
—	+10%+10%	1424	1851	2278
—	+10%+10%+10%	1492	1940	2387
—	+10%+15%	1455	1892	2328
—	+10%+10%+15%	1525	1983	2440
—	+10%+10%+10%+15%	1603	2084	2565
—	+10%+10%+25%	1592	2070	2547
—	+10%+10%+10%+25%	1678	2181	2685

Álagning á selda klst. kr. 295.

Taxtar þessir eru miðaðir við, að kaup sé greitt skv. samningi.

HEIMILISTÆKJAVIÐGERÐATAXTI 22. júní 1977.

— utan verkstæðis —

	<i>Engin eftirv.</i>	<i>1. klst. í eftirv.</i>	<i>2. klst. í eftirv.</i>
— jöfnunartaxtar —			
1. Lágmarksútkall, allt að 10 mín á staðnum	1399	1445	1484
2. Vinna á staðnum, allt að 1/2 klst.	2099	2168	2227
3. Vinna á staðnum, allt að 1 klst.	2798	2890	2969

Vinna utan fastagjalds skv. viðeigandi útseldri vinnu rafvirkja að viðbættum 3.3% sé unnin 1 klst. í eftirvinnu. 6.1% ef unnar eru 2 klst. í eftirvinnu.

Akstur:	Lágmarks- útkall.	
Innan borgarmarka Elliðaár Fossvogslækur, Vegamót, Seltjn.	968	481
Árbæjarhverfi, Breiðholtshverfi Kópavogur og Seltj.nes (5—8 km frá verkstæði)	1354	756
Arnarnes, Garðahreppur, Álfta- nes og Hafnarfjörður (8—12 km frá verkstæði)	1571	1349
Söluskattur ekki innifalinn.		

Taxti þessi er miðaður við, að viðgerðir séu framkvæmdar af þjálfuðum mönnum, sem hafa bíla búna nauðsynlegustu verkfærum og varahlutum.“

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir töxtum þeim, er verðlagsstjóri gaf út hinn 20. júlí með tilkynningu sinni nr. 18/1977, en í tilkynningunni segir svo:

„Verðlagsnefnd hefur ákveðið eftirfarandi hámarksverð hvernig seldrar vinnustundar rafvirkja í framhaldi af kjarasamningum frá 22. júní 1977. (Allir taxtar eru án söluskatts).

Nýbyggingavinna:

	Dag-	Eftir-	Nætur-
1. ár	vinna:	vinna:	vinna:
Rafvirkjar	1.071	1.393	1.714
— +10%	1.119	1.454	1.790
— +10%+10%	1.171	1.522	1.873
— +10%+15%	1.197	1.556	1.914
— +10%+10%+15%	1.256	1.633	2.010
— +10%+10%+25%	1.314	1.708	2.102

2. og 3. ár

Rafvirkjar	1.090	1.417	1.744
— +10%	1.139	1.481	1.823
— +10%+10%	1.193	1.551	1.909
— +10%+15%	1.220	1.587	1.953
— +10%+10%+15%	1.283	1.667	2.052
— +10%+10%+25%	1.342	1.745	2.147

Eftir 3 ár

Rafvirkjar	1.126	1.464	1.802
— +10%	1.177	1.530	1.883
— +10%+10%	1.235	1.605	1.975
— +10%+15%	1.263	1.642	2.021
— +10%+10%+15%	1.330	1.728	2.127
— +10%+10%+25%	1.393	1.811	2.228

Ákvæðisvinna: Tímaeining kr. 1.029.

Önnur vinna:

Rafvirkjar	+10%	1.251	1.626	2.001
—	+10%+10%	1.303	1.693	2.084
—	+10%+10%+10%	1.360	1.768	2.176

		Dag- vinna:	Eftir- vinna:	Nætur- vinna:
—	+10%+15%	1.329	1.727	2.126
—	+10%+10%+15%	1.388	1.805	2.221
—	+10%+10%+10%+15%	1.454	1.890	2.327
—	+10%+10%+25%	1.446	1.879	2.313
—	+10%+10%+10%+25%	1.517	1.972	2.427
2. og 3. ár				
Rafvirkjar	+10%	1.271	1.652	2.034
—	+10%+10%	1.325	1.723	2.121
—	+10%+10%+10%	1.385	1.800	2.216
—	+10%+15%	1.352	1.758	2.164
—	+10%+10%+15%	1.415	1.839	2.263
—	+10%+10%+10%+15%	1.483	1.928	2.373
—	+10%+10%+25%	1.474	1.916	2.359
—	+10%+10%+10%+25%	1.548	2.013	2.478
Eftir 3 ár				
Rafvirkjar	+10%	1.309	1.702	2.095
—	+10%+10%	1.367	1.777	2.187
—	+10%+10%+10%	1.430	1.859	2.288
—	+10%+15%	1.395	1.814	2.233
—	+10%+10%+15%	1.462	1.900	2.338
—	+10%+10%+10%+15%	1.534	1.995	2.455
—	+10%+10%+25%	1.525	1.982	2.440
—	+10%+10%+10%+25%	1.604	2.085	2.566

Álagsprósentur:

10% Námskeiðsálag

10% Viðgerðarvinna

10% Óþrifaleg og óholl vinna — hæðarálag

10% Rafmagnsdeild Vélskólans

15% Flokksstjórar

25% Raftæknar.

Auk ofangreindra áлага á laun, getur komið til löggildingarálag 45%.“

Við samanburð á töxtunum kemur í ljós, að tveir lægstu taxtaflokkarnir hjá LÍR eru lægri en í tilkynningu verðlagsstjóra, en þriðji flokkurinn er hærri en í tilkynningunni. Þá vantar fjórða taxtaflokkinn í tilkynningu verðlagsstjóra.

Af hálfu sambandsins var lögð fram greinargerð um viðhorf þess til kærunnar. Í henni segir svo um álit þess á henni:

„LÍR telur, að Verðlagsnefnd og Verðlagsstjóri hafi ekki farið að lögum við gerð framangreindrar tilkynningar sinnar um taxa útseldrar vinnu af eftirgreindum ástæðum:

1. Nefndin víkur til hliðar löglega gerðum kjarasamningi, og telur LÍR það brot á 3. gr. laga nr. 54/1960. Það að miða taxtana að hluta við eldri samninga fær ekki staðist. Í þessu sambandi skal á það bent, að verðlagsnefnd hefur ekki skipt sér af töxtum ýmissa stétta, svo sem arkitekta og verkfræðinga.

2. Nefndin hefur ekki við ákvörðun álagningar gert athugun á álagningarþörf fyrirtækja innan rafverktakastarfseminnar, eins og henni ber þó að gera samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga 54/1960. Fyrir liggur þó skýrsla Dr. Kjartans Jóhannssonar um rekstur þessara fyrirtækja, en skýrslan var gerð, eins og fyrr greinir, að ósk viðskiptamálaráðherra.

3. Með töxtum sínum mismunar nefndin mjög rafverktökum, sem kemur fram í því, að leyfð er í raun mun meiri álagning á vinnu rafvirkja, sem taka laun skv. 1. og 2. taxa en í 3. og 4. taxa. Kemur þetta misjafnt niður á fyrirtækjum, þar sem sum þeirra eru aðallega með þjálfaða rafvirkja í þjónustu sinni, er taka laun skv. 3. og 4. taxa.

Sem dæmi skal á það bent, að kostnaður við starfsmann skv. hæsta flokki 4. taxa er kr. 1.383 pr. klst., en hæsti taxti verðlagsstjóra er kr. 1.604. Vantar þá kr. 74 pr. klst. upp á, að náð sé þeirri krónutölu, sem verðlagsnefnd hefur ákveðið sem álagningu, en hún er kr. 295.

Vegna framanritaðra ástæðna telur LÍR nauðsynlegt að fá skorið úr um réttmæti ákvarðana verðlagsnefndar.“

Verðlagsstjóri sendi dóminum hinn 7. október f. á. greinargerð um taxaútreikninga þá, sem hann sendi frá sér í tilkynningu sinni nr. 18/1977. Í greinargerð verðlagsstjóra segir svo:

„Mörg undanfarin ár hefur Verðlagsnefnd samþykkt verðtaxta fyrir útselda vinnu iðnmeistara. Frá því í byrjun árs 1972 hefur nefndin notað þá aðferð að miða uppbyggingu taxtanna við greidd laun samkvæmt kjarasamningum að viðbættum gjöldum, sem á þau falla í samræmi við samninga eða lög. Auk þess hefur inn í verðtaxtann verið reiknuð ákveðin krónutalsálagning, sem nefndin hefur ákveðið á hverjum tíma.

Þann 8. júlí 1977 samþykkti Verðlagsnefnd nýjan verðtaxta fyrir iðnmeistara, sem byggist á því, að ofan á þann taxa yfir

útselda vinnu, sem í gildi var 1. mars 1977, var reiknað 2½% og 18 þús. kr. á mánuði og launatengd gjöld í samræmi við það. Álagningartölur voru hækkaðar um 10%.

Ákvæðisvinna skyldi breytast í samræmi við útselda tímavinnu.

Þessi útreikningsaðferð er notuð í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977 um hámarksverð hverrar seldrar vinnustundar rafvirkja og málmíðnaðarmanna.

Ákvörðun Verðlagsnefndar er byggð á lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál, en þar kemur m. a. fram í 3. gr. laganna, að Verðlagsnefnd geti ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verk-taka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

Rétt er að vekja enn fremur athygli á gildandi lögum um verðstöðvun, þar sem m. a. er kveðið á um, að ekki megi hækka verð á vöru eða þjónustu nema með samþykki réttra verðlagsyfirvalda og að samþykktin sé staðfest af ríkisstjórn.

Loks skal bent á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. júní 1977, þar sem hún mælist til þess við Verðlagsyfirvöld, að fyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn látin bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum.

Verðlagsnefnd hefur haft þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar til hliðsjónar við afgreiðslu mála, og hafa öll fyrirtæki virt ákvarðanir nefndarinnar að undanskildum þeim aðilum, sem kæran fjallar um.“

Þá ritaði verðlagsstjóri ríkissaksóknara bréf hinn 7. desember f. á. vegna máls þessa. Í bréfinu segir svo:

„Á fundi verðlagsnefndar þann 5. desember s.l. var samþykkt, að sú skerðing á verðtöxtum yfir útselda vinnu iðnmeistara, sem nefndin gerði þann 8. júlí s.l., skyldi afdnum. Þessi samþykkt nær einnig til Landssambands ísl. rafverktaka og Sambands málm- og skipasmiðja, en stjórnendur þessara tveggja sambanda neituðu að hlíta þeim verðtöxtum, sem verðlagsnefnd gaf út, og hafa um fimm mánaða skeið gefið út hærri verðtaxta og hvatt aðildarfélaga sína til þess að fara eftir ólöglegum töxtum sínum. Þessar ólöglegu aðgerðir umræddra tveggja sambanda hafa verið kærðar til embættis yðar með bréfum, dags. 6. september 1977. Það er álit verðlagsnefndar, að samþykktin frá 5. desember s.l. geti í engu haft áhrif á málsmeðferð á framangreindum kærum, sem eru til athugunar hjá yður.

Til þess að skýra nánar forsendur fyrir ákvörðun verðlagsnefndar þann 8. júlí s.l., bendi ég á eftirfarandi:

1. Í 3. grein laga nr. 54/1960 um verðlagsmál kemur m. a. fram, að verðlagsnefnd getur ákveðið greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raf-lagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt.

2. Í 10. grein laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. kemur m. a. fram, að þar til öðru vísi verður ákveðið, má ekki hækka verð á vöru eða þjónustu nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmi-lega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnar.

3. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 28. júní 1977 var gerð samþykkt, þar sem eftirfarandi kom m. a. fram:

„Í samræmi við gefnar yfirlýsingar leggur ríkisstjórnin áherslu á, að ýtrustu varfærni sé gætt við afgreiðslu verðlagshækkana. Telur hún eðlilegt, að atvinnufyrirtæki verði a. m. k. fyrst um sinn að bera sjálf hluta þess kostnaðar, er leiðir af nýgerðum kjarasamningum.“

Ég vil geta þess, að verðlagsnefnd hefur farið eftir þessum til-mælum ríkisstjórnarinnar við allar afgreiðslur á undanförunum mánuðum, og hafa samtök atvinnurekenda, að undanskyldum umræddum meistarasamböndum, sætt sig við ákvarðanir nefndar-innar.

Þrjú ofangreind atriði sanna að mínu áliti ótvírætt réttmæti ákvörðunar verðlagsnefndar frá 8. júlí s.l.

Jafn ljóst tel ég vera, að um skýlaust verðlagsbrot er að ræða hjá umræddum meistarasamböndum, er gáfu út ólöglega verð-taxta, sem hvorki hafa verið samþykktir af réttum yfirvöldum né hlotið staðfestingu ríkisstjórnar. Ég tel ekki ólíklegt, að ein-stakir meðlimir þessara tveggja sambanda hafi farið eftir töxtum verðlagsnefndar, og eins getur verið, að nokkrir aðilar aðrir hafi í góðri trú farið eftir verðtöxtum meistarasambandanna. Það eru því tilmæli mín, að hugsanleg málshöfðun í þessum málum beinist einungis að stjórnnum og framkvæmdastjórum samband-anna vegna útgáfu á ólöglegum verðtöxtum.“

Leitt er í ljós, að ákærðu að ákærða Árna undanskildum voru stjórnarmenn í LÍR, þegar sú ákvörðun var tekin að reikna út taxta þá, sem mál þetta snýst um, og að ákærði Árni sá sem framkvæmdastjóri sambandsins um að senda þá út til félaga í sam-bandinu um eða rétt eftir 8. júlí 1977.

Ljóst er, að verðlagsnefnd hafði ákveðið með heimild í 3. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál, hvernig reikna skyldi út taxta útseldrar tímavinnu sambandsfélaganna um það leyti, sem sambandið sendi út taxta sína, sem voru hærri en fyrri taxtar og sumir hærri en taxtar verðlagsnefndar, sem sendir voru út með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18/1977.

Af hálfu verjanda ákærðu er því haldið fram, að þessari ákvarðanatöku verðlagsnefndar séu þau takmörk sett, að ákvæði 3. gr. nái samkvæmt 5. mgr. þeirrar greinar ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafi verið með samningum stéttarféлага, og því séu ákvarðanir verðlagsnefndar í þessu máli ólögmætar.

Það er mat dómsins, að sé með ákvæði 5. mgr. 3. gr. átt við það, að það sé fyrir utan valdsvið nefndarinnar að ákveða hámarksverð til verkstæða og verktaka að því er snertir útselda vinnu, hafi verðlagsnefnd að óverulegu leyti heimild til þess að ákveða þóknun fyrir þessa starfsemi, þar sem laun eru langstærsti þátturinn, sem taka þarf tillit til, þegar hámarksverð er ákveðið fyrir þessa þjónustu. Verður ekki séð, að sá hafi verið tilgangur löggjafans með greindu undantekningarákvæði. Er það mat dómsins, að með framangreindu ákvæði í 5. mgr. 3. gr. sé átt við það, að verðlagsnefnd geti ekki haft afskipti af kjarasamningum launþega og vinnuveitenda svo og ef um er að ræða sérstök verk, sem sérstaklega er samið um laun fyrir hverju sinni, t. d. ákvæðisverk, en í undantekningarákvæðinu er talað um verk, en ekki vinnu. Telur dómurinn því, að undantekningarákvæði 5. mgr. eigi ekki að neinu leyti við um taxtaútgáfu verðlagsstjóra samkvæmt tilkynningu hans nr. 18 20. júlí 1977 og sé hún gefin út með fullri stoð í 3. gr. laganna.

Mál þetta var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, án þess að rannsakað væri, í hve ríkum mæli félagar sambandsins notuðu hina umdeildu taxta sambandsins, með það í huga, að hann tæki ákvörðun um það, hvort í þá rannsókn yrði lagt, en slík rannsókn hefði fyrirsjáanlega orðið bæði tímafrek og geysilega umfangsmikil. Af hálfu ríkissaksóknara var ekki óskað eftir slíkri rannsókn og eingöngu ákært fyrir taxaútgáfuna. Liggur því ekkert fyrir um það í máli þessu, hvort eða í hve ríkum mæli vinna hafi verið seld út á töxtum þeim, sem sambandið gaf út, enda þótt fyrir liggi játning tveggja stjórnarmanna, að þeir hafi notað hina útsendu taxta félagsins.

Í 10. gr. laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur, bætur almennatrygginga, verðlagsmál o. fl. segir, að frá 1. október 1974

til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið megi ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi, fyrr en það hefur hlotið samþykki ríkisstjórnarinnar. Eru ákvæði þessi enn í gildi.

Af framangreindri ástæðu var því óheimilt að hækka endurgjald fyrir útselda vinnu, þegar sambandið sendi út taxta sína, nema fyrir lægi bæði samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, en slíkt samþykki mátti verðlagsnefnd ekki veita, nema hún teldi það óhjákvæmilegt. Brast því aðildarfélag LÍR heimild til þess að hækka þjónustu sína, nema samþykki þessara aðilja beggja væru fyrir hendi, en augljóst er, að það skorti í þessu tilvik.

Enda þótt regla sú, sem taxtaútgáfa verðlagsstjóra byggðist á í tilkynningu hans nr. 18/1977, hefði að einhverju leyti verið áfátt eða andstæð 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1960, hefði það ekki veitt LÍR heimild til þess að ákveða á sitt eindæmi að senda út til félagsmanna sinna hækkaða taxta fyrir útselda vinnu starfsmanna sinna, án þess að áðurgreind tvö lögbundin samþykki lægju fyrir.

Eins og áður greinir, er ekki leitt í ljós, hvort eða í hve ríkum mæli félagar í LÍR hafi farið eftir þeim töxtum, sem framkvæmdastjórinn sendi út í umboði stjórnar sambandsins. Þarf þá að meta, hvort taxtaútgáfan ein sér sé refsiverð eða hvort fyrir þurfi að liggja sönnun um einstakar gjaldtökur samkvæmt töxtunum, til þess að um refsiverða háttsemi sé að ræða.

Samkvæmt framburði ákærða Árna, sem þykir verða að leggja til grundvallar um útsendingu taxta sambandsins, hafa þeir verið sendir félögum í sambandinu þegar eftir móttöku sambandsins í bréfi verðlagsstjóra til þess, dagsettu 8. júlí 1977. Enda þótt ákærði Árni segist hafa talið bréfið samþykki verðlagsyfirvalda, leysti það hann ekki undan þeirri skyldu að kanna það frekar, og eftir móttöku bréfs verðlagsstjóra til sambandsins frá 20. júlí, sem með fylgdi tilkynning verðlagsstjóra nr. 18/1977, hlaut framkvæmdastjóranum að vera ljóst, að taxtar sambandsins höfðu ekki verið samþykktir, en samt dró sambandið þá ekki til baka.

Útsending framkvæmdastjóra sambandsins á töxtum þess, sem óumdeilanlega voru hærri en áður gildandi taxtar, er gerð í um-

boði stjórnar þess. Telst hún í þessu tilvikum atlaga að ákvörðunarvaldi verðlagsnefndar. Telur dómurinn, að sú háttsemi að standa að útreikningum taxtanna og útsendingu þeirra, án þess að fyrir lægi áðurgreint samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnarinnar, sé ákvörðun ákærðu sem fyrirsvarsmanna sambandsins um að brjóta niður ákvörðun verðlagsnefndar, sem verðlagsstjóri hafði tilkynnt sambandinu í bréfi til þess 8. júlí 1977 og síðar í formi tilkynningar sinnar nr. 18 20. júlí 1977, en með þessari aðgerð sinni stefna forráðamenn sambandsins að því að fá félagi í sambandinu til þess að selja vinnu starfsmanna sinna á hærra verði en lögleg stjórnvöld höfðu ákveðið. Þykir ekki þurfa að liggja fyrir, hvort eða hversu víðtækar of háar gjaldtökur hafi átt sér stað vegna þessarar ákvörðunar. Er því hin ákærða taxaútgáfa ein sér brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975 fram til þess, að taxtar verðlagsstjóra samkvæmt tilkynningu nr. 18/1977 öðluðust gildi og eftir það að því marki sem taxtarnir voru hærri en taxtar verðlagsstjóra, og því refsiverð.

Enda þótt taxaútgáfan sé að hluta brot á lögum nr. 54/1960 og lögum nr. 13/1975, ber þó að sýkna af því, að álagningartala á laun og launakostnað (yffirstjórnarálág) hafi verið hækkuð án leyfis um 10%, úr kr. 268 í kr. 295 á hverja klukkustund miðað við dagvinnu, en í áðurgreindri samþykkt verðlagsnefndar var slík álagning einmitt heimiluð.

Í ljós er leitt, að framkvæmdastjóri sambandsins í umboði stjórnar þess stóð að því að láta reikna taxa sambandsins út á þann veg, að leiddi til hærri gjaldtöku en leyfileg var í ýmsum tilvikum. Ekki er í ljós leitt, að öllum hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi frá upphafi verið ljóst, þegar framangreint var gert. Fram er komið, að taxtar sambandsins voru ekki afturkallaðir um langan tíma og að enginn stjórnarmanna gerði athugasemdir við þá. Mátti þeim öllum vera ljóst, að sumir þeirra voru hærri en útgefnir gildandi taxtar verðlagsstjóra og höfðu ekki fengið samþykki verðlagsstjóra og ríkisstjórnarinnar. Þá verður að telja, að hinum ákærðu stjórnarmönnum hafi öllum borið að fylgjast með því, sem var að gerast í málefnum sambandsins, og ef þeir voru ekki viðstaddir fundi, að kynna sér með viðtölum við meðstjórnarmenn sína og framkvæmdastjóra, hvað þar færi fram. Verða ákærðu því allir taldir bera refsíabýrgð á taxaútgáfunni, sem er brot á 3. gr. og 4. gr. laga nr. 54/1960, tilkynningu verðlagsstjóra nr. 18 20. júlí 1977 og 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1975.

Ákærði Ingólfur hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt sakavottorðum annarra ákærðu hafa þeir sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

Ákærði Svavar:

1960 1/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði Guðjón Kristinn:

1953 25/8 í Árnessýslu: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1960 28/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.

1962 28/9 í Árnessýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir vanrækslu á endurskoðun bifreiðar o. fl.

1965 28/7 í Árnessýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

Ákærði Ingvi Rafn:

1968 14/10 á Akureyri: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga. Sviptur ökuleyfi í 7 mánuði frá 14/10 1968.

Ákærði Jón Páll:

1965 11/11 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn lög-um nr. 73/1952.

1974 12/2 í Hafnarfirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. umferðarlaga.

Ákærði Árni:

1952 15/2 í Reykjavík: Dómur: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga, umferðarlögum og bifreiðalögum. Staðfest í Hæstarétti 7/10 1952.

1953 30/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 24. og 28. gr. lögreglusamþykktar.

1953 16/11 í Reykjavík: Dómur: 700 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.

1955 8/10 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28., sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar.

1956 4/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lög-reglusamþykktar.

Framangreind taxaútgáfa varðar ákærðu refsingu samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960 og 12. gr. laga nr. 13/1975.

Refsing ákærðu hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar

sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Svavar Kristjónsson, Guðjón Kristinn Pálsson, Ingólfur Bárðarson, Ingvi Rafn Jóhannsson, Jón Páll Guðmundsson og Árni Brynjólfsson, greiði hver um sig 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað hverrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Þriðjudaginn 13. maí 1980.

Nr. 205/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Þórði Gröndal

Jóni Þórarni Sveinssyni

Júlíusi Sæberg Ólafssyni

Steinari Steinssyni

Sveini A. Sæmundssyni og

Guðjóni Tómassyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Ákæra fyrir verðlagsbrot. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.